

Alþingi
Erindi nr. P 139/2637
komudagur 23.5.2011



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. maí 2011
Tilvísun: 2011050010/50.11
Project Number: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 674. mál

Orkustofnun hefur borist erindi Allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar við frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 674. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Varðandi 8. gr. III. kafla frumvarpsins, vill Orkustofnun benda á þá hættu, sem skapast getur af því að fleiri en einn ráðherra taki ákvarðanir á einu sviði, að ekki sé virt aðgreiningarregla stjórnvalda og geti ráðherrar annarra ráðuneyta þannig haft of mikil áhrif utan síns verkswiðs. Á þennan hátt geti ákvörðunarvald færst á milli ráðuneyta að einhverju leyti en ekki verður talið að það sé í takt við fyrrgreinda meginreglu stjórnsýsluréttarins um aðgreiningu stjórnvalda.

Hvað varðar V. kafla frumvarpsins vill Orkustofnun benda á að þar mætti draga úr tilhneigingu ráðuneyta til að skipa of marga skrifstofustjóra og vísast þar um til sögulegrar þróunar tiltekinna ráðuneyta. Skrifstofur ráðuneyta og þ.a.l. skrifstofustjórar hafa á tímum verið ívið fleiri heldur en aðrir starfsmenn ráðuneyta. Ekki verður séð hvernig það samræmist skilvirkri stjórnun og þeim hagræðingarkröfum og aðhaldssemi sem ætlast er til af stjórnsýslunni.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir við umrætt frumvarp til laga.

Virðingarfyllst,

Guðni A. Jóhannesson

Harpa Þórunn Pétursdóttir